



REKSTRARSAMNINGUR  
AKUREYRARBÆJAR OG  
KNATTSPYRNUFÉLAGS  
AKUREYRAR  
2024 – 2028

## Rekstrarsamningur

**Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Knattspyrnufélag Akureyrar (í samningi þessum nefnt KA), kt. 700169-4219, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning:**

### I. Umfang og markmið samnings

#### 1. gr.

Samningurinn gildir um umsjón og daglegan rekstur á íþróttasvæði KA og þeirra mannvirkja sem eru innan íþróttasvæðisins. KA sér um rekstur og umsjón með Akureyrarvelli uns ný aðstaða er komin í notkun á íþróttasvæði KA. KA annast alla þjónustu og íþróttatengda starfsemi við almenning og við æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta mannvirkin (Sjá íþróttasvæði KA á fylgiskjali nr. 1).

### II. Afnot af íþróttasvæði KA

#### 2. gr.

Akureyrarbær nýtir íþróttahús Lundarskóla/KA, auk búnings- og baðaðstöðu og gervigrasvöll á íþróttasvæði KA, til notkunar fyrir skólaíþróttir, frá kl. 08:00 - 14:30 virka daga frá 20. ágúst til 10. júní ár hvert en utan þess fyrir æfingatíma sbr. tímaúthlutun ÍBA á opnunartíma íþróttahúss og gervigrasvallar, sjá nánar um opnunartíma íþróttasvæðisins í fylgiskjali nr. 3.

KA er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum, þ.e. þeim tímum sem Akureyrarbær eða ÍBA nýta ekki á einhverjum svæðum íþróttasvæðis KA á skilgreindum opnunartíma þess. Hafa skal samráð við forstöðumann íþróttamála hjá Akureyrarbær og ÍBA um slíka notkun.

#### 3. gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta íþróttasvæði KA í einstaka tilfellum fyrir starfsemi hans eða fyrir viðburði á vegum bæjarins. Akureyrarbær greiðir þann umfram rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef KA veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við KA og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

### III. Rekstur íþróttasvæðis KA

#### 4. gr.

Framlag Akureyrarbær vegna þessa samnings er kr. 82.500.000 árið 2024. Í fylgiskjali nr. 2 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar á samningstímanum. Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. KA á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr. 13.gr skal Akureyrarbær tilkynna KA um breytingar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjaldldagi. Beri fyrsta mánaðardag upp á langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

## 5. gr.

Aðalstjórn KA er ábyrg á rekstri íþróttasvæðis KA og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Aðalstjórn KA skal hafa framkvæmdastjóra í starfi með þekkingu og reynslu á sviði rekstrar. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á daglegri stjórnun mannvirkja Akureyrarbæjar á íþróttasvæði KA og Akureyrarvallar og er þannig forstöðumaður þeirra og heyra störf hans beint undir stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri KA hefur yfirlit yfir notkun á þeim tímum sem ÍBA og grunn- og leikskólar bæjarins hafa til umráða í mannvirkinu og skilar til forstöðumanns íþróttamála og ÍBA yfirliti um notkun þeirra í lok hvers árs.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skal skipað þannig í nefndir, ráð og stjórnir þeirra félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ að þess sé gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Ef kynjahlutfall er ekki samkvæmt stefnunni í dag, skal félagið gæta þess næst þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir félagsins að það uppfylli ákvæði mannréttindastefnu Akureyrarbæjar, fylgiskjal 7.

## 6. gr.

KA fær ekki tekjur af þeim tímum sem ÍBA úthlutar á félagssvæði KA (íþróttahús/gerivgras) í samræmi við reglur ÍBA og fræðslu- og lýðheilsuráðs um æfingar og keppnir á félagssvæðinu.

Lundarskóli og/eða aðrir skólar Akureyrarbæjar hafa aðgang að íþróttasvæði KA fyrir íþróttakennslu á því tímabili sem þeir eru starfræktir. Skólarnir leigja aðstöðuna af íþróttadeild, en KA fær engar greiðslur vegna þessara afnota skólans/skólanna.

KA fær hins vegar í sinn hlut allar aðrar tekjur sem íþróttasvæði KA kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan.

KA er einu heimilt að stunda sölustarfsemi og/eða framselja hana til þriðja aðila á íþróttasvæði KA á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi til barna er bönnuð á skólatíma.

KA er heimilt að setja upp auglýsingar, sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta, á veggum í íþróttahúsi og á lóð íþróttasvæðis KA og skal það gert í fullu samræði við forstöðumann íþróttamála og fulltrúa UMSA og sbr. ákvæði í fylgiskjali nr. 4 um auglýsingar í íþróttamannvirkjum.

Fjáröflun KA skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Akureyrarbæ.

## IV. Rekstrarkostnaður, viðhald, umgengni og skilyrði

### 7. gr.

KA greiðir rekstrarkostnað vegna félagssvæðis KA, svo sem vegna áhalda og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt minna viðhald. Þó greiðir Akureyrarbær kostnað vegna rafmagns, hita, kalds vatns, fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af mannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar (eignatryggingar). Akureyrarbær greiðir kostnað vegna rafmagns, hita og kalds vatns af félagsheimili KA þ.m.t. búningasklefum og teljast þær greiðslur sem rekstrarframlag til viðbótar við framlag Akureyrarbæjar sbr. 4.gr. og fylgiskjal nr. 2.

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) og ípróttadeild annast viðhald á mannvirkjum eins og kemur fram í reglum um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka (fylgiskjal nr. 7). UMSA vinnur árlega viðhaldsáætlun í samráði við framkvæmdastjóra KA, ípróttadeild og ÍBA.

#### 8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á ípróttasvæði KA eru á ábyrgð KA og skulu vera í samræmi við kröfur Akureyrarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á ípróttasvæði KA, þ.m.t. byggingum eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Akureyrarbæ.

Nánari útlitun á atriðum varðandi rekstur, skilyrði, starfsmannahald, rekstrarkostnað, tryggingar o.fl. eru í fylgiskjali nr. 4.

#### V. Upplýsingaskylda ípróttafélagsins

#### 9. gr.

KA er skylt að halda bókhald vegna rekstrar ípróttasvæðis KA, sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega í samræmi við „Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar“.

- a. KA skal skila rekstraráætlun næsta árs til forstöðumann ípróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. febrúar ár hvert.
- b. KA skal skila ársreikningi síðasta árs til forstöðumanns ípróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. maí ár hvert.
- c. Ársreikningar KA skulu vera aðgengilegir á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

#### 10. gr.

Í framhaldi af útgáfu ársgreiknings félagsins að vori gerir framkvæmdastjóri/ forráðamaður KA sviðstjóra fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, forstöðumanni ípróttamála og framkvæmdarstjóra ÍBA grein fyrir rekstrarstöðu KA. Boðun fundanna er á ábyrgð forstöðumanns ípróttamála. Skulu upplýsingarnar sem koma fram á þessum fundum kynntar Fræðslu- og lýðheilsuráði í kjölfarið.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Akureyrarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjöllum, frekari útskýringum eða komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn innan ramma persónuverndarlaga. Verði KA ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur sbr. 4. gr. með þriggja mánaða fyrirvara frá næstu mánaðamótum eftir skiladag upplýsinga, uns úrbætur hafa átt sér stað. KA getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

#### 11. gr.

Forstöðumaður ípróttamála er eftirlitsaðili með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar.

Telji fulltrúar Akureyrarbæjar að ípróttasvæði KA sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, samkvæmt reglum um vinnueftirlit, í samræmi við samninga um réttindi og kjör starfsmanna og eða reglur um heilbrigði og öryggi, skal skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði KA ekki við þeim tilmælum innan sjö daga er Akureyrarbæ heimilt að stöðva greiðslur með þriggja mánaða fyrirvara sbr. 4. gr.

**VI. Fylgiskjöl með samningi****12. gr.**

Með samningi þessum eru sjö fylgiskjöl sem fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af íþróttasvæði KA, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

1. Fylgiskjal nr. 1 – Íþróttasvæði KA
2. Fylgiskjal nr. 2 – Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til KA
3. Fylgiskjal nr. 3 – Opnunartími íþróttasvæðisins KA, vaktaplan starfsmanna, starfslýsingar og verklýsingar.
4. Fylgiskjal nr. 4 – Rekstur, skilyrði ofl.
5. Fylgiskjal nr. 5 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni
6. Fylgiskjal nr. 6 – Viðhalds-, verk- og umhirðuverklag gervigrass á KA velli
7. Fylgiskjal nr. 7 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja.

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjöllum skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

**13. gr.**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2028 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun eða uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Samningsaðilar munu taka samninginn til endurskoðunar á samningstímanum í framhaldi af því að ný mannvirki verða tekin í notkun á íþróttasvæði KA.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Akureyri, 18. janúar 2024

F.h. Knattspyrnufélags Akureyrar



Sævar Pétursson framkvæmdarstjóri

F.h. Akureyrarbæjar



Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn og kennitala

Jan Jónsson 121175-3719

Ólafur 120975-5529

# Fylgiskjal nr. 1 – Íþróttasvæði KA

Íþróttasvæði KA við Dalsbraut



## Akureyrarvöllur



## Fylgiskjal nr. 2 - Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til KA

### Framlag Akureyrarbæjar til KA:

- Vegna launa 5,5 stöðugilda á ársgrundvelli samkvæmt kjarasamningi Kjalar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, launaflokkki 121 fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja. Um er að ræða rekstur íþróttahúss á félagssvæði KA, umsjón, viðhald og vöktun á gervigrasi á íþróttasvæði KA og umsjón, viðhald og vöktun á Akureyrarvelli (á meðan völlurinn er í umsjón KA) sbr. fylgiskjal nr. 3. Í framlaginu er m.a. gert ráð fyrir persónuálagi, vaktaálagi, yfirvinnu, persónuuppbót og launatengdum gjöldum.
- Vegna yfirumsjónar rekstursins og til skrifstofukostnaðar. Framlag samkvæmt þessum lið reiknast sem 15% hlutfall af lið a).

Styrkir samkvæmt liðum a) og b) eru uppreiknaðir árlega 1. janúar í samræmi við breytingar á launavísitölu eins og hún er skráð í október ár hvert, með grunnvísitölu í október 2023.

- Vegna bókhalds- og endurskoðunarkostnaðar vegna rekstursins, þ.m.t. fullnaðaráritun ársreiknings.
- Vegna rekstrarvara, sem skiptast í þrennt; gámaþjónusta og sorphirða, hreinlætis- og ræsingarvörur og skoðunar- og eftirlitsgjöld.
- Vegna minniháttar viðhalds skv. skilgreiningu UMSA í mannvirkjum Akureyrarbæjar sbr. fylgiskjal nr. 5.
- Rekstur lóða. Umhirða, sláttur, áburðagjöf og sáning, götun og söndun á íþróttasvæði KA og á Akureyrarvelli.

Styrkir samkvæmt liðum c), d), e) og f) eru uppreiknaðir árlega 1. janúar í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar eins og hún er skráð í janúar ár hvert, með grunnvísitölu í janúar 2024.

Skilgreining og sundurliðun á rekstrarstyrk	
Rekstur mannvirkis	2024
Laun starfsmanna íþróttamannvirkis m.v. 5,5 stg.	57.750.000
Yfirstjórn og skrifstofa (15%)	8.662.500
<b>Samtals vegna launa, yfirstjórnar og skrifstofu</b>	<b>66.412.500*</b>
Bókhald og endurskoðun	4.900.000
Rekstrarvörur	2.750.000
Minniháttar viðhald og búnaður	1.250.000
Rekstur lóðar (endurskoðað sbr. breytingar á íþróttasvæði KA)	7.187.500
<b>Samtals vegna annars við rekstur mannvirkisins</b>	<b>16.087.500**</b>
<b>Samtals árið 2024</b>	<b>82.500.000</b>

\*Framlagið samtals vegna launa, yfirstjórnar og skrifstofu uppreiknast milli samningsára 1. janúar skv. launavísitölu í október

\*\*Framlag samkvæmt þessum lið uppreiknast milli samningsára 1. janúar skv. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar

Sbr. 7.gr. þá greiðir Akureyrarbær kostnað vegna rafmagns og vatns á öllu íþróttasvæði KA. Kostnaður Akureyrarbæjar af þessum rekstrarliðum á íþróttasvæði KA árið 2023 var um 14,7 milljónir.

## Fylgiskjal nr. 3 - Opnunartími íþróttasvæðis KA, vaktaplan starfsmanna, starfslýsingar og verklýsingar.

Samningurinn gildir um umsjón og daglegan rekstur á íþróttasvæði KA (sjá fylgiskjal nr. 1) þar með talið íþróttahús Lundarskóla/KA, búningssklefa, skrifstofu- og félagsaðstaða, gervigrasvöllur, grassvæði og bílastæði sem því tengjast. Einnig nær samningurinn yfir umsjón og daglegan rekstur á Akureyrarvelli og þeirra mannvirkja sem innan vallarsvæðisins eru (sbr. fylgiskjal nr. 1). Að auki tekur KA að sér umsjón með starfsmannavöktum í íþróttahúsi Naustaskóla.

### Opnunartími

Íþróttasvæði KA:

Íþróttasvæði KA skal vera opið til kennslu, æfinga og keppni alla virka daga frá kl. 08:00 - 22:30 og frá kl. 08:00 - 18:00 á laugardögum og sunnudögum. Starfsmannavaktir á íþróttasvæði KA eru að jafnaði frá kl. 07:45 - 24:00 virka daga og frá kl. 08:00 - 20:00 um helgar. Íþróttasvæði KA skal vera lokað á öllum almennum frídögum nema ef skipulögð eru mót eða sýningar á þeim dögum.

Akureyrarvöllur:

- Apríl til október – eftir verkefnum og þörfum.

### Starfslýsingar

Starfslýsingar geta tekið breytingum samhliða breytingum á ráðningarsamningum og umfangi félagsins. Svo skráðar 01.01.2024:

### Framkvæmdastjóri og yfirstjórn

Helstu hlutverk:

- Starfsmannamál (ráðningar og yfirumsjón).
- Rekstur og fjármál félagsins.
- Samskipti við Akureyrarbæ.
- Samskipti við fjármálastofnanir.
- Stefnumótun og framtíðarsýn í samráði við aðalstjórn og deildir félagsins.
- Samningagerð fyrir hönd félagsins og deilda þess.
- Ábyrgð á N1-móti félagsins.
- Ábyrgð á leyfiskerfi KSÍ.
- Situr fundi hjá aðalstjórn, meistaraflokksráði í knattspyrnu og mfl. karla í handbolta sem starfsmaður félagsins.
- Samskipti við ÍBA og önnur íþróttafélög.
- Sjúkramál og tryggingar gagnvart félaginu og leikmönnum.
- Umsjón með viðburðum á vegum félagsins, afmæli, herra/konukvöld, þorablót ofl.
- Gisting/útleiga á sölum/velli.
- Vaktaplan starfsfólks, forföll, veikindi ofl.
- Stundaskrá í samvinnu við þjálfara og framkvæmdastjóra.
- Tilboð og innkaup á rekstrarvörum fyrir mannvirkin.
- Öll önnur tilfallandi verkefni sem tengjast rekstri mannvirkjana og félagsins.

### Helstu hlutverk og verkefni starfsmanna á íþróttasvæði KA

1. Þjónusta við notendur, s.s. móttaka, afgreiðsla, símsvörun.
2. Aðstoða nemendur Lundarskóla í tengslum við íþróttakennslu.



3. Þrif og frágangur, s.s. þrif á göngum, í klefum, í sal og frágangur í áhaldageymslu.
4. Viðhaldsvinna vegna búnaðar og mannvirkja.
5. Eftirlit og klefavarsla í mannvirkjum.
6. Vöktun mannvirkja, s.s.:
  - a. Halda húsnæði og umhverfi hreinu og snyrtilegu.
  - b. Fylgjast með að reglum húsnæðisins sé framfylgt, t.d reglum um umgengni og hávaða.
  - c. Leitast við að verja eignir gegn tjóni eða þjófnaði.
7. Undirbúningur vegna viðburða og leikja í mannvirkjunum.
8. Skrá mætingu iðkenda í æfingatíma í mannvirkinu.
9. Innkaup í samvinnu við yfirmenn.
10. Veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.
11. Halda utan um óskilamuni – mikið af fötum og skóm sem verða eftir.
12. Koma þessum óskilamunum til skila eftir því sem hægt er.
13. Almenn vallarstörf á íþróttasvæði KA.
14. Önnur tilfallandi verkefni á íþróttasvæði KA.

### Árstíðarbundin verkefni

#### Sumar:

- Færa mörk út af æfingasvæði og á milli valla.
- Merkja velli.
- Taka út og setja upp mörk fyrir aðalvöllinn (taka niður að hausti).
- Vökva æfingasvæði.
- Slá svæði kringum húsnæði.
- Týna upp rusl.
- Laga velli eftir leiki (stinga niður gras).
- Samskipti við þá aðila sem sjá um umhirðu valla og svæða.
- Fylgjast með og láta vita ef það þarf að gera við einhverja hluti í íþróttamannvirkjum.

#### Vetur:

- Snjómokstur – gönguleiðir og moka frá hurðum.
- Draga gervigras og bæta í það.
- Ganga frá mörkum.
- Týna upp bolta og keilur og halda utan um að það sé gengið frá þeim.
- Halda utanum óskilamuni og koma óskilamunum til skila.
- Fylgjast með bræðslukerfi á velli og á gönguleiðum.
- Fylgjast með og láta vita ef það þarf að gera við einhverja hluti í íþróttamannvirkjum.
- Samskipti við aðila sem sjá um umhirðu valla og svæða.

## Fylgiskjal nr. 4 – Rekstur, skilyrði ofl.

### Rekstur og skilyrði

- Með samningi þessum vill Akureyrarbær stuðla að því að KA geti sinnt íþróttastarfsemi, sem ekki er rekin í formi atvinnustarfsemi, sbr. rekstur ýmissa meistaraflokka þar sem launagreiðslur viðgangast. Af þeim sökum gerir Akureyrarbær þá kröfu, að þeim rekstri, sem líkja megi við atvinnustarfsemi, sé haldið fyrir utan samninginn. Akureyrarbær mun þó leggja til slíks rekstrar fjárveitingar sem nema tímanotkun í íþróttahúsum bæjarins samkvæmt úthlutunum ÍBA og fjárveitingar sem samþykktar eru af afrekssjóði Akureyrarbæjar, skv. nánari ákvörðun í fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni.
- KA er óheimilt að veðsetja greiðslur skv. samningi þessum. Þá er KA óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum. Akureyrarbær er heimilt að ráðstafa greiðslum skv. samningi þessum í samræmi við samningsskuldbindingar KA þannig að greiðslunum sé varið í þá þætti sem þeim er ætlað að ganga til greiðslu á ef vanskil myndast á þeim þáttum hjá KA. Þá er Akureyrarbær eða stofnunum hans heimilt að skuldajafna gjaldföllum kröfum Akureyrarbæjar á hendur KA á móti samningsgreiðslum.
- KA er óheimilt að veðsetja eignir sínar eftir gildistöku þessa samnings, nema að fengnu samþykki Akureyrarbæjar.
- KA er skylt að ráðstafa hagnaði einstakra deilda til að mæta tapi annarra deilda í samstæðu-ársreikningi félagsins.

### Starfsmannahald

- Meðal verkefna framkvæmdastjóra er ráðning starfsmanna s.s. við baðvörslu, móttöku, þrif og annarra verka sem til falla. Framkvæmdastjóri skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl.
- Starfsmenn íþróttasvæðis KA skulu ráðnir af KA og á ábyrgð þess að öllu leyti. Félagið skuldbindur sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá kjarasamninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Akureyrarbær. KA greiðir allan kostnað vegna starfsmannahalds, launatengdra gjalda, trygginga o.s.frv.
- KA skuldbindur sig til að hafa að lágmarki tvo starfsmenn (karl og konu) við störf á íþróttasvæði KA á hverjum tíma þegar skólaíþróttir eru á íþróttasvæði KA. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða upplýsingar úr sakaskrá.
- Framkvæmdastjóri skal gæta þess að starfsemi á íþróttasvæði KA brjóti ekki í bága við almennar reglur Akureyrarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem forstöðumaður íþróttamála telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja á Akureyri og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli KA, ÍBA og Akureyrarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur íþróttasvæðis KA að þeim ábendingum sem forstöðumaður íþróttamála kemur á framfæri fyrir hönd Akureyrarbæjar.
- Gert er ráð fyrir að KA ráði starfsmenn til að sinna umsjónar- og húsvörslu, þ.m.t. klefavörslu á skólatíma á íþróttasvæði KA skv. samningi þessum. Í klefavörslu vegna skólaíþróttar skal félagið hafa starfsmenn af karl- og kvenkyni á vakt.
- Framkvæmdastjóri KA skal ekki reiknast sem einn ofangreindra gæslumanna. Honum er samt heimilt að ganga í störf tímabundið vegna skammtímaveikinda/fjarveru starfsfólks.
- Framkvæmdastjóri KA ber ábyrgð á daglegri stjórnun mannvirkja Akureyrarbæjar á KA-svæðinu og er þannig forstöðumaður þeirra og heyrir því sá hluti starfa hans beint undir stjórn KA.
- Framkvæmdastjóri KA hefur umsjón og eftirlit með útleigu og niðurröðun á útseldum tímum á gervigrasvöllinum á íþróttasvæði KA.

- Breytingar og tilfærslur á tímum á gervigrasinu vegna sérverkefna á vegum íþróttafélaganna skulu vera í samráði við ÍBA sem og almenn niðurröðun tíma til þeirra aðildarfélaga ÍBA sem nota gervigrasið.
- Framkvæmdastjóri gætir þess að umgengisreglur íþróttamannvirkja á íþróttasvæði KA séu virtar.
- Framkvæmdastjóri KA hefur umsjón og eftirlit með snjómokstri á bílastæði við íþróttasvæði KA. Akureyrarbær greiðir kostnað sem til fellur vegna snjómoksturs á þessum bílastæðum..
- Starfsmenn íþróttahússins, sem sinna baðvörslu og vöktun á skólatíma, skulu sækja fræðslu og námskeið sem skipulögð eru af skólum sem nýta starfsemi íþróttahússins að jafnaði yfir skólaárið, til að samþætta enn frekar samstarf skóla og íþróttahúss. Nánari útfærsla og samkomulag er í höndum KA og fræðsluviðs Akureyrarbæjar.
- Félagið ber ábyrgð á að öllum starfsmönnum félagsins, þjálfurum, leiðbeinendum og starfsmönnum íþróttamannvirkja félagsins séu kynntar þær reglur og lög um öryggi sem við eiga á hverjum stað sbr. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ýmis ákvæði Hollustuverndar um færanleg mörk og markfestingar ásamt ísl. og evrópskum stöðlum um íþróttabúnað.
- Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins. Slíkt áhættumat skal KA framkvæma einu sinni á ári og kynna forstöðumanni íþróttamála.
- Akureyrarbær kemur til móts við kostnað KA vegna langtímaveikinda starfsmanna. KA getur innheimt sérstaklega kostnað vegna þessara langtímaveikinda (samfelld veikindi meira en 1 mánuður) hjá Akureyrarbæ. Framvísa skal læknisvottorði viðkomandi starfsmanns í slíkum tilfellum.
- KA skal tryggja að allir starfsmenn hafi starfs- og verklýsingar sem Akureyrarbær getur kallað eftir.
- **Rekstrarkostnaður, mannvirki, aðstaða, tryggingar, viðhald o.fl.**
  - Akureyrarbær greiðir kostnað vegna rafmagns, hita- og kalt vatns af íþróttasvæði KA, þ.m.t. Akureyrarvelli.
  - Akureyrarbær greiðir kostnað vegna endurnýjunar og viðhalds búnaðar sem tilheyrir sannarlega gervigrasvellinum. (sjá nánar fylgiskjal nr. 5)
  - KA skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna mannvirkjana.
  - KA skal sjá til þess að öll umhirða og umgengni í íþróttamannvirkjum sé með þeim hætti að ekki skapist hætta af fyrir notendur og gesti. KA skal kaupa tryggingu vegna þessa.
  - KA skal útbúa og fylgja þrifaáætlun fyrir íþróttasvæði félagsins og skila til forstöðumanns íþróttamála.
  - Félagið skal flokka rusl sem fellur til á félagssvæði KA og setja upp flokkunarruslafötur fyrir notendur svæðisins.
  - Félagið skal skila til íþróttadeildar þrifaplani/áætlun íþróttasvæðis KA.
  - Framkvæmdastjóri KA er í forsvari fyrir félagið í öryggismálum og heldur saman öllum skýrslum um slys og óhöpp (slysaskráning) sem eiga sér stað í, á eða við íþróttamannvirki sem samningurinn tekur til.
  - Akureyrarbær ber ábyrgð á tjóni/meiðslum sem verða í þeim mannvirkjum sem samningurinn tekur til ef hægt er að rekja það til gallaðs útbúnaðar viðkomandi mannvirkja.




- KA annast allt minniháttar viðhald og viðgerðir húsgagna, tækja og búnaðar.
- Þar sem ípróttasvæði KA er skilgreind sem samstarfsstofnun Akureyrarbæjar í útboðum vegna gámalosunar, hreinlætisvara og boða frá öryggiskerfum, getur KA nýtt sér sömu kjör og Akureyrarbær í þessum þjónustukaupum fyrir ípróttasvæði KA.
- Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni. Þessi kostnaður er innifalinn í styrkuppþæð Akureyrarbæjar sbr. fylgiskjal nr. 2 hér að ofan.
- Forgangsráttun um stærra viðhald og endurnýjun ípróttasvæðis KA og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur ípróttafélags sbr. fylgiskjal nr. 5) skal framkvæmdastjóri skila inn til forstöðumanns ípróttamála fyrir 1. ágúst ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forstöðumaður ípróttamála stillir upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsráttun og önnur verkefni í húseignum bæjarins, í samráði við UMSA.
- Framkvæmdarstjóri fundar reglulega með forstöðumanni ípróttamála og fulltrúa UMSA varðandi verkefni og viðhaldsvinnu á ípróttasvæði KA.

### **Verkefni, umsjón, og vöktun vegna gervigrasvallar og annarra mannvirkja á ípróttasvæði KA.**

- KA tekur að sér alla daglega umsjón, vöktun, umhirðu og þrif á gervigrasvelli á ípróttasvæði KA.
- Félagið skal tilnefna starfsmann sem er tengiliður svæðisins við framkvæmdarmiðstöð Akureyrarbæjar vegna viðhaldsverkefna á gervigrasvöllum.
- KA annast daglegt viðhald gervigrasvallarins og skal fylgja eftir viðhaldsráttun vallarins. Ípróttadeild og UMSA útbúa viðhaldsráttun gervigrasvallarins sbr. fylgiskjal nr. 6. Framkvæmdarmiðstöð Akureyrarbæjar sinnir einnig reglubundnu viðhaldi á gervigrasvöllum í samráði og samstarfi við KA, sbr. verklag og viðhaldsráttun þar um.
- Öll þrif og umsjón skal vera í samræmi við önnur ípróttamannvirki Akureyrarbæjar.
- Miða skal við að upphitun gervigrasvallarins standi frá 1. október til og með 30. apríl ár hvert.
- Viðmið fyrir notkun flóðlýsingar á gervigrasvöllum skal vera frá 1. september til og með 30. apríl ár hvert.

### **Auglýsingar í ípróttamannvirkjum.**

Í fjáröflunarskyni er félaginu og einstökum deildum heimilt að setja upp auglýsingaskilti í ípróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Uppsetning á auglýsingum utan á mannvirkjum Akureyrarbæjar eru ekki leyfilegar nema með leyfi forstöðumanns ípróttamála og umhverfis- og mannvirkjasviðs bæjarins. Uppsetning og viðhald á auglýsingaskiltum er á ábyrgð KA. Auglýsingar sem varða stjórnsmál, trúsmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi, eru ekki leyfilegar. Einnig ber að virða almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi nr. 6/2002 og lög um samkeppni nr. 8/1993. Gert er ráð fyrir merki Akureyrarbæjar sé miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum mannvirkjum.

## Fylgiskjal nr. 5 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni

Verkaskipting\* milli Umhverfis- og mannvirkjasviðs (UMSA), forstöðumanns íþróttamála (ÍPR) og KA á verkefnum varðandi rekstur og umsjón mannvirkja Akureyrarbæjar á íþróttasvæði KA er eftirfarandi:

Íþróttasvæði KA	UMSA	ÍPR	KA
<b>Almennt</b>	<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
Daglegt, vikulegt og mánaðarlegt eftirlit með mannvirkjum			X
Þrif			X
Hiti		X	
Rafmagn		X	
Peruskipti utan lýsingar í íþróttasal			X
Snjómokstur á bílaplani		X	
Þvottur á bílaplani		X	
Merkingar á bílaplani	X		
Bruna- og húseigendatrygging	X		
Starfsmannatryggingar			X
Peruskipti í íþróttasal	X	X	
Búningsklefar			X
Sápur			X
Klósettpappír/handþurrkur			X
Skyndihjálparámskeið			X
Viðhald innan dyra (málning, gólfefni, loftefni, fastar innréttingar, allar nýlagnir og endurbætur á lögnum og ný kerfi skv. reglugerðum)	X		
Viðhald, lóð og hús utandyra (málun, viðgerðir á útveggjum, þak, þakkantur og þakrennur, gluggapóstur og gler og merkingar)	X		
<b>Brunaviðvörðunarkerfi</b>	<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
Árlegt eftirlit	X		
Tenging við vaktstöð			X
Endurnýjun slökkvitækja sem nauðsynleg er vegna umsagnar eldvarnareftirlits	X		
Rekstur bruna- og/eða öryggiskerfa	X		
<b>Gervigras</b> (nánar í fylgiskjali nr. 6)	<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
<b>Dagleg yfirferð á gervigrasvælinum</b>			
Almenn ástandsskoðun/ganga yfir völlinn			X
Bæta gúmmí í völl eftir þörfum (í mörkum, vítapunkt og horn)			X
Eftirlit með upphitun og flóðlýsingu			X
<b>Mánaðarleg yfirferð á gervigrasvælinum</b>			
Burstun á velli með viðhaldstækjum við hæfi			X
<b>Árleg yfirferð á gervigrasvælinum</b>			
Sóttþreinsun (eftir þörfum)	X	X	
Djúphreinsun	X	X	
<b>Grasvellir</b>	<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
Almenn ástandsskoðun			X
Dagleg yfirferð á velli			X
Áburður			X
Vökvun			X
Sláttur			X
Merkingar			X
Götun			X
<b>Girðingar</b>	<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>

	Almenn ástandsskoðun			X
	Minna viðhald			X
	Stærra viðhald	X	X	
<b>Loftræsting</b>		<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
	Síuskipti	X		
	Daglegt eftirlit			X
<b>Tæki og búnaður</b>		<b>UMSA</b>	<b>ÍPR</b>	<b>KA</b>
	Fjór hjól			X
	Gervigrashreinsivél			X
	Eftirlit með tækjum og búnaði			X
	Eftirlit með viðhaldi tækja og búnaðar			X

\*Verkaskiptingin er ekki tæmandi.

## Fylgiskjal nr. 6 - Viðhalds-, verk- og umhirðuverklag gervigrass á KA velli

## Viðhalds-, verk- og umhirðuverklag fyrir gervigrasið á íþróttasvæði KA

Hver ber ábyrgð	Umhirða gervigrasvallar
KA	Eftirlit með viðhaldi, s.s. bustun, sópun og hreinsun - KA er umsjónaraðili vallarins og sér til þess að viðhaldaáætlun gervigrasvallarins sé framfylgt, hvort sem það eru verkefni sem félagið á að sinna og eða verkefni sem aðrir aðilar þurfa/eiga að sinna á vellinum.
KA	<b>Bustað 3-4x í viku</b> - Gervigras þarf að sópa 3-4 sinnum í viku með HD15 sópum. (mv. 1x fyrir hverja 50-60 tíma notkun). Ávallt skal keyra samsíða annað hvort endum vallarins eða hliðarlínunum (þetta er þó undanskilið yfir hávetur þegar klaki er á vellinum). Aldrei má keyra sömu leiðir, t.d. aðra vikuna skal keyra samsíða hliðarlínu og hina samsíða endalínu. Þá má keyra sópinn af og til í hringi og byrjar hann við jaðarinn og fara inn að miðju. Mörk eru færð til á meðan sópað er.
UMSA	<b>Sópun og hreinsun</b> – farið yfir gervigrasið tvisvar sinnum í mánuði þar sem grasið er sópað og hreinsað með viðeigandi vinnuvél (þarf að vera þurrt gras/veður). Óhreinindi og kusk hreinsað af vellinum. Gúmmíkurl sópað upp, óhreinindi sigtuð frá og gúmmíkurl skilað aftur niður í völlinn. <b>Umhverfismiðstöð framkvæmir dreifingu og niðursetningu gúmmíkurlins með viðeigandi vinnuvél. KA fylgir eftir að þetta sé framkvæmt tvisvar í mánuði.</b>
KA	<b>Reglubundin skoðun</b> - einu sinni í mánuði fer starfsmaður KA í reglubundna og ítarleg skoðun á vellinum er gengið um völlinn og kannað ástand hans, t.d. hvort samskeyti hafi losnað.
KA	<b>Reglubundin niðursetning gúmmíkurl</b> - Gúmmíkurl dreift yfir allan völlinn þannig að fylgt sé leiðbeininum framleiðandans um magn. Þetta er gert að vori á útvöllum eða eftir þörfum. Gert amk einu sinni á ári. <b>Umsjónaraðilar metur þörfina</b> og hefur eftirlit og umsjón með aðföngum. <b>Umhverfismiðstöð framkvæmir dreifingu og niðursetningu gúmmíkurlins með viðeigandi vinnuvél.</b>
KA	<b>Viðhald með gúmmíkurl daglega</b> - Fyllt með gúmmíkurl í álagssvæði eftir þörfum og mati umsjónaraðila. <b>Vítateiga (punkt) og horn skal skoða 1x sinni á dag</b> og sandur og gúmmíkurl sett í grasteppið (í hlutföllum gúmmí 1 og sandur 2). Grasstrá eiga að jafnaði að standa 15 mm uppfyrir gúmmísalla.
KA	<b>Steinar fjarlægðir</b> - Steinar og annað smálegt sem ekki á heima á vellinum skal fjarlægt af vellinum daglega og út fyrir þrífsvæðið sem er utan við völlinn.
KA	<b>Hreinsun þrífsvæðis</b> - Þrífsvæði (malbik) í kringum völlinn skal sópað og þrifið a.m.k. 1x í viku. Safna saman óskilamunum af vellinum daglega.
UMSA	<b>Losað um gúmmíkurl</b> - Keyra þarf yfir völlinn með pinnavél (Groomer) a.m.k. 4 x á ári til að mýkja upp völlinn og lyfta gúmmíkurlinu svo það liggir ekki þjappað niður í rótinni. Pinnar í pinnavélinni eiga að ganga ca. 1 sm niður í gúmmíkurlíð. <b>KA fylgir eftir að þetta sé framkvæmt sbr. áætlun</b>
KA	<b>Notkun ökutækja</b> - ökutæki sem notað eru til að sinna vellinum skulu vera á hreinum dekkjum þegar farið er inn á völlinn. Einnig skal passa upp á að engar olíur og önnur óhreinindi frá vél þess leki í völlinn. Forðast skal að leggja ökutæki inná grasinu til langs tíma, sé þess þörf að stöðva það skal því lagt á þrífsvæði.
KA	<b>Geymsla búnaðar</b> - ökutæki, sópar, gúmmísalli og annar búnaður til viðhalds skal ávallt geymdur þannig að ekki hljótist af slyshætta og þannig að sem best fari um búnaðinn.
KA	<b>Óviðkomandi hlutir</b> - Ekki má geyma neitt óviðkomandi á gervigrasinu svo sem timbur, skilti né annað sambærilegt.
KA	<b>Óþarfa umferð</b> - Óþarfa umferð ökutækja er stranglega bönnuð.
KA	<b>Þungt ökutæki</b> - Ef fara þarf með þungt ökutæki inná völlinn þá verður að láta það fara um völlinn á t.d. krossviðarplötum þannig að grasteppið verði ekki fyrir skemmdum. Forðast að taka snúningsbeygjur.
KA	<b>Vírbustar</b> - Ekki má nota vírbusta á gervigras, t.d. við þríf
KA	<b>Sterk hreinsiefni</b> - Notkun sterkra hreinsiefna er ekki leyfileg á gervigras.
KA	<b>Hjólbarðar vinnutækja</b> - Óloftfylltir hjólbarðar vinnutækja eru bannaðir á gervigrasinu.
KA	<b>Háþrýstibúnaður</b> - Notkun háþrýstibúnaðar er bannaður á gervigrasið.

KA	<b>Illgresi og samskeyti</b> - Tvisvar á ári er völluminn skoðaður með sérstöku tilliti til þess hvort illgresi eða annar gróður er til staðar, t.d. á samskeytum malbiks og grasteppis. Eyða ber illgresi strax með illgresiseyði til að hindra að það skjóti víðarótum.
<b>Snjó og klakahreinsun</b>	
KA	<b>Undirbúningur fyrir klaka og snjókomu</b> - Fylgjast þarf með verðurspá eftir bestu getu og auka hita jafnt og þétt í samræmi við hana svo lagnakerfið nýtist sem best.
KA	<b>Undirbúningur fyrir klaka og snjókomu</b> - ef spád er snjókomu þarf að vera komin hámarks hiti á völluminn helst nokkrum klukkustundum áður en snjókoman hefst.
KA	<b>Snjór fjarlægður</b> - Setjist mikill snjór á völluminn, sem ekki er hægt að bíða eftir að bráðni af, skal honum ýtt af vellinum með plógtönn sem á hefur verið sett plaströr þannig að minni hætta sé á skemmd á vellinum. Plógurinn er lagður með nettum þrýstingi á völluminn en tönnin má þó aldrei fara ofan í grasið. Einnig hægt að notast við snjóskóflur með handafli.
KA	<b>Klaki á gervigrasi og klakabrot</b> - Klakaskel sem myndast yfir nóttu þarf að mylja með pinnakeflinu (Groomer) svo að hitakerfið geti haldið áfram að bræða. Pinnavélina má nota til að brjóta þunnan ís. Gæta þarf vel að því að rífa ekki upp grasstráin, en hætt er á því ef þau eru föst í ísnum. <b>Ekki má reyna að ryðja af vellinum ef ísinn er fastur við grasnálarnar(stráin).</b>
KA	<b>Lokun vallar vegna snjós og klaka</b> - sé völluminn óhæfur til notkunar vegna mikilla snjóá eða klaka sem ekki næst að ryðja af vellinum fyrir notkun, ber umsjónaraðila að loka vellinum og tilkynna það viðeigandi notendum.
KA	<b>Meðferð marka</b> - Æskilegt er að mörkin liggi ekki á hjólunum/hjólábúnaðnum á vellinum. Í frosti verður að gæta þess sérstaklega, þegar mörk eru hreyfð, að þau rífi ekki upp grasið (mörk geta frosið föst). Mörk sem notuð hafa verið við æfingar inná miðjum velli skulu færð út af grasi eftir notkun við þessar aðstæður. Sérstaklega skal skorða mörk og tryggja að þau fari af stað í miklum vindi, vinna fyrirbyggjandi m.t.t. veðurspár. Tryggja skal að stangir marka skemmi ekki gervigrasið, t.d. með því að tryggja að hjólábúnaður marka sé í lagi.
KA	<b>Hitastýring</b> - Framráðs í hitakerfinu skal, að vetri til í meðal veðurfari, vera stillt á 16° að jafnaði en er annars hækkað eftir þörf. Hiti á framrás skal þó aldrei vera hærri en 24°.
<b>Almennar umgengisreglur</b>	
KA	<b>Skór á gervigrasi</b> - Æskilegt er að notendur vallarins séu í gervigrasskóm fyrir knattspyrnu. Sléttbotna skór fara verr með grasið. Skrúfuttakkaskór eru bannaðir á grasið. Takkaskór með hringlaga takka eru heppilegri heldur en takkaskór með demantlagaða takka.
KA	<b>Aðrar íþróttagreinar</b> - Ástundun kastíprótta (s.s. spjót, kúla, kringla) er ekki leyfileg á gervigrasinu. Golf er heimilt ef notast er við sérstakar golf mottur. Gaddaskór ætlaðir til hlaupa á tartan brautum eru bannaðir á gervigrasinu.
KA	<b>Meðferð marka</b> - Æskilegt er að mörkin liggi ekki á hjólunum/hjólábúnaðnum á vellinum.
KA	Gæta þarf að því að skorða mörk og búnað á völluminn m.t.t. veðurs og vinda þannig að ekki hljótist tjón af. Mikilvægt að huga að þessu þegar miklum og hvössum vindi er spáð á svæðinu.

**1 Remove litter**  
Weekly, all year round.

**2 Remove chewing gum**  
Weekly, all year round.

**3 Sweep up leaves**  
Weekly to prevent pitch from becoming clogged and dirty. This is especially important in the autumn to restrict winter moss growth.

**4 Brushing**  
Every two weeks, all year round, to prevent pitch from becoming dirty. Also important before freezing temperatures, to prevent slipping.

**5 Local infilling**  
Every two weeks (at the same time as brushing), check heavily played areas for adequate levels of sand/rubber, especially the goal and penalty areas and corner areas.

**6 Weed removal**  
Every six weeks, remove weeds by hand or using chemical/organic weed killer.

**7 Remove algal growth**  
Every six weeks, remove algae growth by hand or using chemical/organic weed killer.

**8 Specialist maintenance**  
Once or twice a year by Edel Grass, or their appointed contractor, between March and October.

**9 Check seams**  
Once a month, check seams, lining and other irregularities. Notify Edel Grass and/or our appointed pitch installer to ensure a prompt and effective solution.

**10 Sprinkling / humidifying**  
Depending on requirements, during playing periods. Does not apply to sand-dressed hockey pitches or tennis courts.

**11 Snow, black ice and during thaws**  
During snowfall, pitch should preferably not be trodden on due to the risk of ice formation.



#### Simple! The ATC Surface Cleaner for aerating, cleaning and brushing.

The ATC Surface Cleaner is the perfect way to regularly maintain your Edel artificial grass pitch or court. For more information, visit [www.edelgrass.com](http://www.edelgrass.com).



**Fylgiskjal nr. 7 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja.**

1. Skyldur leigusala og leigutaka
  - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/skyldur-leigusala-og-leigutaka.pdf>
2. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
  - a. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.124.html>
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003
  - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/o-ryggis-og-eftirlitshandbo-k-fyrir-i-throttahu-s-2003lr.pdf>
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum
  - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/reglur-um-badvorslu-i-ithrottahusum-og-sundlaugum-hja-grunn.pdf>
5. Reglur um þrif og öryggisatriði í íþróttamannvirkjum
  - a. [https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/ust-2010\\_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/ust-2010_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf)
6. Umgengisreglur í íþróttahúsum Akureyrarbæjar
  - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/umgengisreglur-i-ithrottahusum-akureyrarbaejar.pdf>
7. Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar
  - a. <https://www.akureyri.is/static/files/Stjornsysla/Reglurstyrkv.pdf>
8. Vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins. Styðjast skal við vinnuumhverfisvísa fyrir skóla
  - a. [https://www.vinnueftirlit.is/media/vinnuumhverfisvisar-starfsgreina/15\\_skolar-visfe15.doc](https://www.vinnueftirlit.is/media/vinnuumhverfisvisar-starfsgreina/15_skolar-visfe15.doc)
9. Mannréttindastefna Akureyrarbæjar
  - a. <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthyktir/jafnrettis-og-fjolskyldumal/mannrettindastefna-akureyrarbaejar-2023-2027>